

Fundargerð

46. fundur framkvæmdaráðs almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu framkvæmdastjóra AHS, Skógarhlíð 14, laugardaginn 11. nóvember 2023, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Halla Bergþóra Björnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna.

Gestir fundarins voru Fannar Jónsson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari.

1. Jarðhræringar á Reykjanesi - 2208010

Undir miðnætti 10. nóvember ákvað Lögreglustjórinn á Suðurnesjum í samráði við almannavarnadeild RLS að rýma Grindavík og um leið var neyðarstigi lýst yfir. RKÍ opnaði fjöldahjálparstöðvar fyrir íbúa Grindavíkur á Selfossi, í Reykjanesbæ og í Kórnum í Kópavogi. Mikill einhugur ríkir hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu í að styðja vel við bakið á Grindavíkurbæ og Grindvíkingum og veita þeim alla þá aðstoð sem þau þurfa á að halda.

Fannar Jónasson fór yfir stöðu mála frá sjónarhorni Grindavíkurbæjar, en innviðir, gatna- og veitukerfi eru illa farin eftir jarðskjálftana.

Rætt um málefni félagsþjónustu, velferðar, leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómstundastarfsemi og lausn húsnæðismála fyrir íbúana til lengri tíma.

Niðurstaða

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna (SST) fól starfsfólki AHS að hefja vinnu við að börn á leikskóla- og grunnskólaaldri frá Grindavík geti hafi skólagöngu að nýju eins fljótt og hægt er. Sú vinna er þegar hafin með stjórnendum Grindavíkurbæjar ásamt stjórnendum skóla- og frístundasviða á HBS og Reykjanesi og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og verður unnið nánar um helgina og næstu daga.

Ákveðið var að sveitarfélögin á HBS virki neyðarstjórnir sínar til að vera reiðubúin að taka að sér verkefni, s.s. á sviði velferðar, skóla og frístunda, íþrótt- og tómstunda og umhverfismála með svipuðu sniði og á Covid-tímum. Einnig var starfsfólki AHS falið að samræma vinnu neyðarstjóranna og að kalla sviðsstjóra og aðra sem málið varðar til funda og samráðs.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að farið verði eftir þeim ferlum sem eru til staðar innan almannavarnakerfisins, þá í samvinnu við SST og AST HBS.

2. Önnur mál FAHS - 2208013

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:00.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Pór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Þór Sigurgeirsson

Kennitala: 0704678369

Tími: 13.11.2023 14:36

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Dagur B. Eggertsson

Kennitala: 1906725739

Tími: 13.11.2023 14:37

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Almar Guðmundsson

Kennitala: 0305722979

Tími: 17.11.2023 8:17

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Regína Ásvaldsdóttir

Kennitala: 3006603989

Tími: 17.11.2023 8:53

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir

Kennitala: 2809783459

Tími: 17.11.2023 9:27

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Rósa Guðbjartsdóttir

Kennitala: 2911653899

Tími: 24.11.2023 14:21

Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign